

BORGARRÁÐ 10. júní 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um starfsmannamál hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og viðbrögð vegna COVID-19 - R21030227

Nýlega var kynnt kolsvört starfsánægjukönnun Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu og einnig var rekið mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, sem byggði á álitum umboðsmanns Alþingis, og endaði með sátt. Til upplýsingar þá sjá starfsmenn slökkviliðsins jafnframt um sjúkraflutninga.

1. Hvað eru mörg mál er snerta starfsmenn frá árinu 2010 sundurgreint eftir árum, sem Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hefur verið aðili að sem endað hefur með dómi eða sátt?
2. Hvað hefur lögfræðikostnaður Slökkviliðsins verið vegna þessara mála, sundurgreint eftir árum?
3. Hvað hefur Slökkviliðið greitt í starfslokasamninga, sáttagreiddslur, dómsáttir og lögfræðikostnað beggja aðila, sundurliðað eftir árum?
4. Hefur Slökkviliðið greitt framlínustyrki til starfsmanna sinna eins og heilbrigðisstarfsfólk og annað framlínufólk hefur fengið greitt frá ríkinu?
5. Ef ekki hvers vegna?
6. Hefur einhver tillaga þess efnis borist til stjórnar Slökkviliðsins?
7. Hvaða veikindarétt hafa starfsmenn slökkviliðsins komi upp COVID smit?
8. Skilgreinir stjórn slökkviliðsins COVID semn atvinnusjúkdóm?